



ERINDISBRÉF

stýrihóps um borgarhönnunarstefnu

Ábyrgðarmaður:

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur

Inngangur:

Eitt markmiða aðalskipulags Reykjavíkur 2040 er að hverfi borgarinnar verði sjálfbærari, mannvænni og fjölbreyttari. Byggðin á að vera þétt, fjölbreytt, skjólsæl og í manneskjulegum mælikvarða. Markmiðið er að skapa borg þar sem húsið, gatan og opna rýmið mynda órofna heild og samtímis að skapa ákjósanlega umgjörð fyrir þróun manngerðs umhverfis, borg fyrir fólk.

Í samstarfssáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar er kveðið á um eftirfarandi: „Við ætlum að gera stefnu um gæði í borgarhönnun, gæði byggðar og mannvæn hverfi“. Í júní 2022 var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði að fela starfshópi undirbúning borgarhönnunarstefnu. Nú er lagt til að fela stýrihópi að byggja á þeirri vinnu og klára svo endanleg drög að borgarhönnunarstefnu.

Borgarhönnunarstefna skal skýra hvernig markmið aðalskipulags Reykjavíkur skuli ná fram að ganga í skipulagsvinnu til að auka gagnsæi, samræmingu og fyrirsjáanleika auk þess sem það er til þess fallið að tryggja að þau gæði sem stefnt er að í aðalskipulagi nái fram að ganga.

Hlutverk:

Stýrihópnum er falið að móta drög að borgarhönnunarstefnu sem byggir á markmiðum aðalskipulags Reykjavíkur um borg fyrir fólk. Líta skal til grænna lífsgæðaáherslna í borgarhönnunarstefnum nágrannalandanna og setja fram ramma um hönnun almenningsrýmis í þágu virkra ferðamáta og græns yfirbragðs. Borgarhönnunarstefna kveði einnig á um kröfur til gæða og fjölbreytni byggðar með áherslu á gæði íbúða, svo sem um næg birtuskilyrði, skuggavarpsgreiningar, loftgæði, heilnæmt umhverfi, takmörkun á hljóðmengun, hvernig byggingar tengjast borgarrýminu og kennileitagreiningar hárra bygginga.

Hópurinn setji fram leiðbeiningar/gátlista um borgarhönnun en meðal markmiða aðalskipulags Reykjavíkur er að stuðst verði við gátlista við mótun skipulags. Leiðbeiningunum er ætlað að einfalda kjörnum fulltrúum, starfsfólki borgarinnar, uppbyggingaraðilum, stofnunum, ráðgjöfum, íbúum og öðrum sem koma að uppbyggingu og mótun manngerðs umhverfis að standa vörð um gæði í gönguvænni borg. Lögð verði áhersla á aðgengilega og myndræna framsetningu. Leiðbeiningarnar skal leggja til grundvallar við skipulagsgerð og mótun borgarrýmis og lóða.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

Lagt er upp með að stýrihópurinn taki fyrir eitt málefni á hverjum fundi, greina helstu áherslur og úfæra í sameiningu leiðbeiningar/gátlista. Helstu viðfangsefni eru:



- Pétting byggðar og borgarhönnun
- Borg fyrir öll
- Borgarrými
- Rými fyrir virka ferðamata
- Gróður í byggðu umhverfi
- Byggingar (jarðhæðir, jaðrar, horn, þakform)
- Ferlar og eftirfylgni

Stýrihópin skipa:

Dóra Björt Guðjónsdóttir (formaður)

Aðalsteinn Haukur Sverrisson

Hjálmar Sveinsson

Líf Magneudóttir

Kjartan Magnússon

Starfsmenn stýrihóps:

Edda Ívarsdóttir, deildarstjóri borgarhönnunar, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar

Rebekka Guðmundsdóttir, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar

Lilja Sigurbjörg Harðardóttir, skrifstofu sviðsstjóra

Hrönn Valdimarsdóttir, embætti skipulagsfulltrúa

Til ráðgjafar og samstarfs:

Með stýrihópnum starfi eftir þörfum aðrir fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs og eftir atvikum annarra sviða.

Unnin sé hagsmunaaðilagreining sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Stýrihópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Drög að borgarhönnunarstefnu verði lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð fyrir 15. maí 2023.

Reykjavík, 13. desember 2023